

Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19100352

BORGARRÁÐ 17. október 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgin komi upp aðstöðu þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins - R19100352

BORGARRÁÐ 17. október 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgin komi upp aðstöðu þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins - R19100352

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgin komi upp aðstöðu þar sem hægt er að koma með húsgögn/húsbúnað sem fólk vill gefa til annarra. Þangað býðst þeim að koma sem að sama skapi vantar húsgögn. Með þessu er borgin að leggja sitt að mörkum til umhverfisins, stuðla að endurnýtingu og draga úr sóun. Verslanir Góða hirðisins taka við notuðum húsbúnaði til sölu. Hér er verið að leggja til að borgin skapi aðstæður/vettvang þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins. Hægt er að sjá ýmis konar útfærslu hvað varðar framkvæmdina. Sjá má fyrir sér að starfsmenn/umsjónarmenn á vegum borgarinnar annist umsjón og utanumhald aðstöðunnar og/eða sjálfboðaliðar. Mikilvægt er að hafa þetta sem einfaldast og myndi nytjamarkaðurinn eða lagerinn eftir því hvað fólk kys að kalla vettvanginn ekki þurfa að vera opinn nema hluta vikunnar til að þjóna tilgangi sínum. Öll vitum við að það er algengt að fólk endurnýi húsgögn og enn aðrir þurfa að losa sig við heilu búslóðirnar vegna flutninga. Flestum finnst ánægjulegt að vita til þess að húsgögn þeirra komist til þeirra sem vantar þau. Tillagan nái hún fram að ganga gagnast því, gefendum, þiggjendum og umhverfinu.

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartúni 12-14
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. janúar 2020

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að borgin komi upp aðstöðu þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins

Á fundi borgarráðs 17. október 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgin komi upp aðstöðu þar sem hægt er að koma með húsgögn/húsbúnað sem fólk vill gefa til annarra. Þangað býðst þeim að koma sem að sama skapi vantar húsgögn. Með þessu er borgin að leggja sitt að mörkum til umhverfisins, stuðla að endurnýtingu og draga úr sóun. Verslanir Góða hirðisins taka við notuðum húsbúnaði til sölu. Hér er verið að leggja til að borgin skapi aðstæður/vettvang þar sem húsgögn og húsbúnaður fæst gefins. Hægt er að sjá ýmis konar útfærslu hvað varðar framkvæmdina. Sjá má fyrir sér að starfsmenn/umsjónarmenn á vegum borgarinnar annist umsjón og utanumhald aðstöðunnar og/eða sjálfboðaliðar. Mikilvægt er að hafa þetta sem einfaldast og myndi nytjamarkaðurinn eða lagerinn eftir því hvað fólk kys að kalla vettvanginn ekki þurfa að vera opinn nema hluta vikunnar til að þjóna tilgangi sínum. Öll vitum við að það er algengt að fólk endurnýi húsgögn og enn aðrir þurfa að losa sig við heilu búslóðirnar vegna flutninga. Flestum finnst ánægjulegt að vita til þess að húsgögn þeirra komist til þeirra sem vantar þau. Tillagan nái hún fram að ganga gagnast því, gefendum, þiggjendum og umhverfinu.“


Málinu var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða til meðferðar.

Slíkur vettvangur sem tillagan vísar til eru að einhverju leyti til í dag í formi hópa á samfélagsmiðlum og á vefsíðum eins og bland.is. Á þessum vettvangi hægt að bjóða fram eða óska eftir húsbúnaði gefins.

Auk Góða hirðisins, sem Reykjavíkurborg stendur fyrir í gegnum eignarhald sitt í Sorpu, reka ýmis góðgerðasamtök sambærilega nytjamarkaði í borginni og selja þar m.a. húsgögn og annað innbú gegn vægu gjaldi til að fjármagna starf sitt. Ef borgin byði upp á sambærilegan markað án gjalds, má gera ráð fyrir grundvöllur fyrir starfsemi margra slíkra markaða brýsti.

Því er lagt til að tillögunni verði hafnað.

Virðingarfyllst



Friðrik Klingbeil Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða